

Breytingatillögur við lög Neytendasamtakanna sem lagðar verða fyrir aðalfund 29. október 2022.

24 gr.

Rétt þykir að skilgreina betur hlutverk gjaldkera í lögum samtakanna. Við 24. grein bætist þá málsgrein um gjaldkera.

Varaformaður tekur við hlutverki formanns tímabundið í fjarveru hans. Láti formaður af stjórnarstörfum, eða er ekki unnt að sinna skyldum sínum, skal varaformaður sinna hlutverki formanns fram að næsta aðalfundi. Skal þá kosinn formaður til tveggja ára.

Gjaldkeri hefur eftirlit með fjármálum samtakanna og hefur skoðunaraðgang að reikningum félagsins. Nánar skal fjalla um hlutverk gjaldkera í starfsreglum stjórnar.

34 gr.

Ábending barst frá Rsk um að lagagrein um slit væri ekki fullnægjandi. Er lögð til breyting sem er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til félaga á almannaheillaskrá:

Greinin hljóðar svona skv nógildandi lögum:

34 gr.

Nú kemur fram tillaga um það að samtökunum skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til lagabreytingar. Á þeim fundi skal jafnframt tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með eignir og skuldir félagsins eftir slit.

Tillaga að breytingu:

„Nú kemur fram tillaga um að samtökunum skuli slitið eða þau sameinuð öðrum samtökum og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til lagabreytingar. Við slit skulu eignir samtakanna renna til góðgerðarmála að ákvörðun aðalfundar. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.“